

Það ber því samkvæmt kröfu stefnda, Lárusar Fjeldsted, að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, er á ákveðst 250 kr., en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða skiptaréttarúrskurði skal öraskað.

Áfrýjandi, Hansína Inga Pétursdóttir, greiði stefnda, hæstaréttarmálaflutningsmanni Lárusi Fjeldsted, 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að beiðni er fram komin frá einum lánardrottni um það, að hú frú Ingu L. Gíslason, eiganda Hattaverzlunarinnar Klapparstíg 37, verði tekið til skiptameðferðar, sem gjaldþrota og sannað er með framlögðum skjölum og eigin játningu skuldunauts, að hún eigi ekki eignir til að greiða umkrafða skuld, og þar sem lánardrottinn, gerðarbeiðandi, hefir ábyrgzt kostnað við skiptameðferðina, ber að taka kröfu hans til greina.

Þriðjudaginn 14. apríl 1931.

Nr. 54/1930. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Wilhelm Buchholz (Jón Ásbjörnsson).

Sýknun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja
19. apríl 1930: Kærði, Wilhelm Buchholz, á innan

fjögra vikna að greiða sekt til Landhelgisjóðs Íslands, að upphæð kr. 12.500,00, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfareri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Georg Robbert“ B. X. 132, frá Bremerhaven, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á miðanir og mælingar varðskipsins, er kemur heim við uppdrátt þann, er foringi varðskipsins hefir lagt fram við rannsókn málsins í héraði. Sýnir uppdráttur skipherrans stað þann, er kærði nam staðar á með botnvörpuna úti, stað varðskipsins á ýmsum tímum og miðunarlínur varðskipsins til skips kærða, þar á meðal miðunarlínuna kl. 8,23, en þá var skip kærða næst landi.

Af skýrslu varðskipsforingjans og sjóupprættinum verður það að visu eigi ráðið með fullri vissu, hvar kærði hefir verið staddur í miðunarlínunni kl. 8,23, þegar hann beigði út frá landinu, en þó gert sé ráð fyrir, að hann hafi verið þar í línunni, sem foringi varðskipsins hefir áætlað, þá sýnir hinn framlagði sjóuppráttur, að kærði hefir þá verið rúmar 3 sjómílur frá landi, og þar sem ekki þykir heimild til á þessum stað að draga landhelgislínuna öðruvísi en gert hefir verið á hinum eldri sjóuppráttum til ársins 1928, er eigi fengin sönnun fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Það verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

og leggja allan kostnað sakarinnar á almannafé. Þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 100 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, Wilhelm Buchholtz, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans, Georg Robbert B. X. 152, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og hæstarétti greiðast úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu „Ægir“ var komið að skipi kærða, togaranum „Georg Robbert“ B. X. 132 frá Bremerhaven, miðvikudagsmorguninn var, kl. 8,58, og var þá verið að draga inn stjórnborðsvörpuna, og skipið eina sjómílu fyrir utan landhelgislinuna undan Ingólfshöfða. En samkvæmt sömu skýrslu, hafði skip kærða stefnt út á við frá kl. 8,23 til kl. 8,55 sama morgun, og verið eftir mælingum varðsupsins, teknum kl. 8,23 þá 0,3 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna, eða sem svarar 555 metrum. Það er upplýst í málinu með viðurkenning kærða, að hann var að toga umrætt tímabil 8,23 til kl. 8,55 og velta úrslit máls þessa því aðeins á því, hvort byggja megi á mælingum varðsupsins „Ægir“, að kærði hafi verið þessa 555 metra fyrir innan, eða a. m. k. að ekki muni þar svo miklu, að skip hans með því reynist að hafa verið á linunni, eða fyrir utan hana.

Við rannsókn málsins má telja upplýst, að lina sú, sem togarinn miðaðist í kl. 8,23, getur flutzt nokkuð til eins og hún er sett niður á kort varðsupsins, vegna þess að hin

lárétu horn, sem hún sumpart er staðsett eftir, eru byggð á miðunum við staði á landi, sem eru töluvert mismunandi háir. Einnig má telja að hafi skip kærða verið 0,3 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna kl. 8,23, þá hafi það orðið að fara allt að því 3 sjómílu á klukkustund með vörpu í sjó, til þess að komast kl. 8,55 á stað þann, þar sem það var stöðvað, þar eð það vegna snúnings gat ekki alltaf farið beinustu leið. Þetta er bæði gagnstætt staðhæfingu kærða og ekki í sjálfu sér sennilegt.

Af þessu hvorutveggju leiðir að telja má hugsanlegt, að skip kærða hafi verið lengra frá landi en talið er í skýrslunni, að það hafi verið kl. 8,23. Hinsvegar liggja ekki fyrir í málinu gögn fyrir því, hve mikið þetta geti hafa verið og því síður hve mikið það hafi verið. Þessi dómstóll getur því ekki byggt nægilega á þessum varnarástæðum til sýkunar, einnig vegna þess, að þó, að farið sé eftir því, sem fyrir liggur mest, má telja kærða í vil, þá virðist skip hans hafa komið eitthvað lítilsháttar inn fyrir linuna. En á slíku verður kærði að lögum að bera ábyrgð.

Af framangreindum ástæðum verður að telja kærða brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Þykir refsing hans, með hliðsjón af gildandi gullgengi 81.88, og tilliti til þess, að um fyrsta brot kærða á þessum lögum er að ræða, hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12.500, sem greiðist innan fjöggra vikna og rennur í Landhelgissjóð Íslands. En fáist hún ekki greidd á kærði að afplána hana með 7 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð, ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.
